

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 29. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0059
LA/OKV/RT/BK

Efni: Umsögn um matsskylduákvörðun skógræktarframkvæmda í Selárdal, Vopnafirði

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsstofnun í gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. apríl 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu vegna skógræktarframkvæmda í Selárdal, Vopnafirði.

Áætlanir eru um skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir í þjóðlendu í um 400 m h.y.s í Selárdal. Heildarsvæði framkvæmdarinnar er yfir 200 ha og er því tilkynningarskylt til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirtækið Six Rivers Iceland hefur unnið að því að bæta afkomu laxastofnsins í Selá, m.a. með því að bæta uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í ánum Selsá og Ytri-Hrúta sem báðar renna í Selá. Áform eru um að stuðla að auknu fæðuframboði fyrir lífríki ána með því að auka gróðurþekju á vatnasvæðinu. Skipulagt hefur verið 350 ha svæði fyrir skógræktar- og landgræðsluframkvæmdir þar sem notast verður við birki, gulvíði og loðvíði. Til skoðunar er að nota elri næst þveránum, en þá í litlu magni (minna en 1%). Ekki verður yfirborði raskað vegna trjáplöntunnar og ekki notast við áburð fyrir utan heyrúllur til að binda jarðveg. Ekki verður plantað trjám í votlendissvæði og ekki farið nær árbakka en sem nemur 30 m. Búið er að skipuleggja aðgerðir innan svæðisins næstu átta árin og er áætlað að planta um 25-40 þúsund plöntum fyrstu fimm árin.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og telur að gerð sé vel grein fyrir skógræktaráformum í Selárdal. Stofnunin telur að framkvæmdin sé mjög áhugaverð er varðar uppgræðslu á rýru melasvæði og fagnar því að samhliða framkvæmdum er sett af stað vöktun (landvöktunarreitir) þar sem grunnástand svæðisins er mælt (bæði lífríki á landi og í ám) og fylgst með framgangi þess á komandi árum. Ekki er minnst sérstaklega á vöktun fugla innan svæðisins, en ættu að vera hluti af vöktunarverkefningu. Þessi vöktun mun bæta þekkingu okkar á uppgræðslu melasvæða á heiðum Norðaustanlands þar sem notast er við innlendar trjáplöntur, en skortur er á slíkum rannsóknum hér á landi.

Þá telur Náttúrufræðistofnun mjög jákvætt að við framkvæmdina verður votlendi ekki raskað og ekki notast við vélknúin tæki til gróðursetningar sem kemur í veg fyrir rask á yfirborði svæðisins.

Fram kemur í greinargerðinni að til skoðunar er að nota elri við trjáplöntun nálægt þverám en ekki er tiltekið hvaða tegundir elris. Elri er niturbindandi planta en hún er ekki íslensk tegund. Í svörum frá Six Rivers við fyrri athugasemdum Náttúrufræðistofnunar (sjá fylgiskjöl í tilkynningu frá framkvæmdaaðila) er minnst á að fyrirhugað sé að nota niturbindandi, íslenskar plöntur en ekki er tiltekið hvaða tegundir þær eru. Náttúrufræðistofnun mælist ekki til að elri sé



notað innan skógræktarsvæðisins, þar sem erlendar rannsóknir benda til þess að elri geti breitt úr sér og orðið ágeng tegund við vissar kringumstæður (<https://rfs.org.uk/wp-content/uploads/2021/06/non-native-alder-species-alnus-spp.pdf>).

Náttúrufræðistofnun telur framkvæmdina ekki matsskylda.

Virðingarfyllst,



Lovisa Ásbjörnsdóttir
Jarðfræðingur, Náttúruverndarsvið

